



NORRÆNA FÉLAGIÐ
100 ára 1922 - 2022



Skýrsla afmælisnefndar 2021-2022

Í tilefni aldarafmælisins beitti Norræna félagið sér fyrir því að allt árið 2022 var helgað norrænu samstarfi, norrænni vitund, menningu og samkennd. Þetta var gert með ýmsum viðburðum sem félagið stóð fyrir en þó fyrst og fremst með því að vekja athygli almennings, stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka á hinum fjölbreyttu viðburðum og verkefnum sem eiga sér stað hér á landi og hafa einhver tengsl við Norðurlöndin.

Í upphafi árs 2021 var sett á laggirnar afmælisnefnd Norræna félagsins til að hefja undirbúning að 100 ára afmæli félagsins 29. september 2022. Sif Gunnarsdóttir varaformaður Norræna félagsins var fengin til að veita nefndinni formennsku. Um mitt ár 2021 óskaði Sif eftir að láta af formennskunni og Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir fyrrv. formaður Norræna félagsins tók við.

Megnið af vinnunni við afmælisárið lentu á frkvstj. Norræna félagsins og formanni afmælisnefndar með dyggri aðstoð starfsmanna á skrifstofu félagsins og nokkurra félagsmanna sem tóku að sér framkvæmd hinna ýmsu verkefna.

Heimasíðan www.norden100.is var stofnuð til að halda utan um norræna viðburði, söfnun á örsögum og annað er við kom afmælisárinu. Í desember 2021 fór Norræna félagið í samstarf við Vitafélagið - íslensk strandmenning í tilefni þess að norræni báturinn *súðbyrðingur* var settur á lista UNESCO yfir menningararfðir á heimsvísu. Þar sem þetta var í lok árs 2021 og 100 ára afmælisár Norræna félagsins skammt undan var tækifærið notað til að kynna afmælisárið og fyrirhugaða dagskrá.

Afmælisárið hófst með birtingu blaðagreinar í janúar 2022. Formaður Norræna félagsins og formaður afmælisnefndar undirrituðu. Þar var gerð grein fyrir afmælinu, norrænu samstarfi, hlutverki Norræna félagsins o.fl. Allt árið voru svo viðburðir og verkefni sem tengdust afmælinu, ýmist á vegum afmælisnefndar og Norræna félagsins eingöngu eða í samstarfi við aðra. Afmælishaldið náði hámarki 29. - 30. september með tveggja daga afmælishátíð sem haldin var með pomp og prakt í samstarfi við Norræna félagið á höfuðborgarsvæðinu sem hélt norrænt Höfuðborgarmót á sama tíma. Á afmælisdeginum 29. september hófst hátíðin með vígslu norræns vinalundar í Fossvogsdal þar sem Kópavogsbær hafði gefið félaginu um 400 fermetra land til gróðursetningar. Fulltrúar frá Norðurlöndunum góðursettu 40 plöntur af 8 mismunandi tegundum sem hver er fulltrúa eins Norðurlandanna og sjálfstjórnarsvæðanna: Hafþyrnir – fyrir Álandseyjar, Beyki – fyrir Danmörku, Hengibjörk – fyrir Finnland, Rjúpnáviðir fyrir Grænland, Gulvíðir (brekkuvíðir) – fyrir Færeyjar, Birki (embla) – fyrir Ísland, Rauðgreni – fyrir Noreg, Skógarfura – fyrir Svíþjóð. Auk þessara plantna voru fyrr um sumarið (16. ágúst) gróðursett tvö tré með sérstaka skírskotun. Þorsteinn Tómasson plöntuerfðafræðingur gróðursetti birkiplöntuna Heklu sem hann hefur þróað með norrænum erfðaeftum, og fjölskylda og vinir Kristjáns Guðmundssonar, fyrrv. bæjarstjóra Kópavogs, mikils talsmanns norrænnar samvinnu, gróðusettu ilmreyni til minningar um hann.

Um kvöldið var haldin vegleg veisla á Hótel Borg þar sem um 135 gestir frá öllum Norðurlöndunum fögnuðu 100 ára afmælinu. Forseti Íslands, dr. Guðni Th. Jóhannesson, Guðmundur Ingi Guðbrandsson samstarfsráðherra Norðurlanda og Hrannar B. Arnarsson formaður Norræna félagsins fluttu ávarp. Veislustjóri var Anna Svava Knútsdóttir og Hundur í óskilum sá um skemmtiatriðin.

Þann 13. desember var jólaboð félagsins og afköstum afmælisársins fagnað.

Þann 19. desember var endahnúturinn rekinn á afmælisárið þegar forseti Íslands boðaði fulltrúa Norræna félagsins á sinn fund á Bessastaði og tilkynnti að í tilefni aldarafmælisins hafi forseti Íslands gerst verndar Norræna félagsins á Íslandi og mun verndarhlutverkið fylgja embættinu.

Yfirlit yfir starf afmælisnefndar:

Afmælisnefnd og tengdir aðilar héldu um 50 fundi á tímabilinu 26.2. 2021 – 28.9. 2022. (fskj.1)

85 bréf voru send til mögulegra samstarfsaðila innan menningar- og menntageirans. (fskj.2)

Um 45 fundir voru haldnir með samstarfsaðilum á tímabilinu 1.3. 2021 – 26.9. 2022 (fskj.3)

Verkefni og viðburðir á vegum afmælisnefndar:

Afmælisvefsíða

www.norden100.is

Janúar 2022

Grein um norrænt samstarf eftir formann og varaformann NF. Birt í Fréttablaðinu. Markaði upphaf afmælisársins.

23.3. 2022

Dagur Norðurlanda. Þema: stríðið í Úkraínu. (fskj. 4)

23.3. 2022

Þjóðminjavörður Margrét Hallgrímsdóttir opnaði aðgang að spurningskrá Þjóðminjasafns Íslands nr. 134 um norrænt samstarf. www.sarpur.is

31.5. í 2022

Norrænn afmælis- og vinabæjarlundur. Gróðursetning. Í samstarfi við Kópavogsbæ og Höfuðborgardeild stóð afmælisnefndin fyrir stofnun norræns vinabæjarlundar. Reiturinn er um 400 m² og er á mótis við Fossvogsskóla við enda Álfatúns í Kópavogi. Fræðsla um Norðurlönd er tengd lundinum. Ábyrgðarmaður verkefnisins var Tryggvi Felixson

Tegundir í lundinum:

- Hafþyrnir – fyrir Álandseyjar
- Beyki – fyrir Danmörku
- Hengibjörk – fyrir Finnland
- Rjúpnaviðir fyrir Grænland
- Gulvíðir (brekkurvíðir) – fyrir Færeyjar
- Birki (embla) – fyrir Ísland
- Rauðgreni – fyrir Noreg
- Skógarfura – fyrir Svíþjóð

27.6. 2022

Norrænt málþing um tungumál. Í samstarfi við Norðurlandaráð.

<https://www.norden.org/is/event/norraent-malthing-um-tungumal-i-reykjavik-og-netinu>

- 29.6. 2022 Opnun norræna kóramótsins NORDKLANG. Kórahátíð Norðurlanda er haldin á þriggja ára fresti og var í fyrsta skipti haldin á Íslandi. Formaður afmælisnefndar flutti ávarp.
[Dagskrá – NORDKLANG \(nordklangfestival.org\)](http://nordklangfestival.org)
- 16.8. 2022 Norrænn afmælis- og vinabæjarlundur. Framhaldsgróðursetning.
- 29.8. 2022 Furðuheimur fornaldarsagna og þrjú dönsk tónskáld. Samkoma í Seltjarnarneskirkju í samstarfi við Dansk-íslenska félagið.
[Furðuheimur fornaldarsagna og þrjú dönsk tónskáld - Norden100](http://norden100.org)
1. – 30. 9. 2022 Arctic Festival. „A traditional festival of Czech and Arctic culture and science”. Samstarfsverkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands o. fl. [Arctic Festival - Norden100](http://norden100.org)
- 27.9. 2022 Kynning á Norræna félaginu og afmælishátíðinni framundan. Formaður afmælinefndar í morgunútvarpinu á RÁS 1.
- 27.9. 2022 Hádegisfyrirlestur í Þjóðminjasafninu um afmælið og norrænt samstarf. Formaður afmælisnefndar. [Norræna félagið 100 ára - YouTube](http://norden100.org)
- 29.9. – 1.10. 2022 Afmælishátíð og Höfuðborgarmót. (fskj. 5)
- 29.9. 2022 *Norrænt samstarf í 100 ár!* Grein á Vísí eftir form. og varaform. NF
29. 9. 2022 Vígsla norræna afmælis- og vinabæjarlundarins í Fossvogsdal
- 29.9. 2022 Afmælishátíð á Hótel Borg – tæplega 140 gestir. (fskj. 6)
- 30.9. 2022 Ráðstefna – Ný tækifæri í norrænu samstarfi. (fskj. 7)
Dagskrá:
1. Árangur norræns samstarfs fyrir Norðurlöndin. Vision 2030
2. Varnar- og öryggismál á Norðurlöndum
3. Norðurskautssvæðið og Norðurlönd
Ráðstefnustjóri var Bogi Ágústsson fréttamaður og fyrirverandi formaður Norræna félagsins.
Fyrirlesarar og þátttakendur í pallborðsumræðum:
Björn Bjarnason – fyrirverandi ráðherra og alþingismaður
Inga Dóra Markussen – formaður Nuuk-deildar Siumut-flokksins á Grænlandi
Kristina Háfoss – framkvæmdastjóri skrifstofu Norðurlandaráðs
Hrannar Björn Arnarson formaður Norræna félagsins
- 13.12. 2022 Jólaboð Norræna félagsins (fskj. 8)
- 19.12. 2022 Forseti Íslands gerist verndari Norræna félagsins á Íslandi. [Frétt](http://norden100.org)
- Skjalasafn og útgáfur Samstarf v. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um skráningu og vaðveislunni á skjalasafni Norræna félagsins og birtingu á útgáfum félagsins á www.timarit.is
- Samstarf við RÚV Norræna félagið tók þátt í gerð orþáttanna *Uppástand* í hádegisútvarpi Rásar 1 dagana 17. – 28.10. 2022. (fskj. 9)

- Söfnun heimilda Sótt var um styrk í nýsköpunarsjóð námsmanna – í samstarfi við þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands og þjóðfræðiskor HÍ til að ráða tvo þjóðfræðinema til að safna heimildum og örsögum sumarið 2022. Styrkur: 2.040.000 mkr. www.sarpur.is. (fskj. 10)
- Örsögusöfnun Söfnun á stuttum persónulegum frásögnum – örsögum – sem eiga rætur sína að rekja til norrænna samskipta. orsogur@norden.is
- Bókaútgáfa Samvinna við Sögufélagið um útgáfu ritsins *Konungar Íslands 1262-1944*. Í vinnslu.

Hafnarfirði, 12. maí 2023

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir
formaður 100 ára afmælisnefndar Norræna félagsins

Fylgiskjal – Skýrsla þjóðfræðinema um söfnun örsagna

Í lok júní 2022 hófst samvinnuverkefni Norræna félagsins, Háskóla Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og tveggja þjóðfræðinema í tilefni af 100 ára afmæli Norræna félagsins á Íslandi. Hlutverk þjóðfræðinema var að taka viðtöl við einstaklinga hér á landi sem hafa reynslu af Norrænu samstarfi eða samskiptum. Tekin voru tuttugu viðtöl, tíu á hvern nema, og voru viðmælendur af ýmsum toga. Listamenn, pólitíkusar, kennarar og fleira.

Okkar vinna hófst með því að reyna koma okkur í samband við fólk sem gæti aðstoðað okkur og mögulega veitt viðtöl. Ragnheiður, Ásdís og Helga, sem sáu um verkefnið, bjuggu til lista með nöfnum og tölvupóstföngum en sá listi kom okkur vel af stað. Listinn var alls ekki tæmandi og í sumum tilfellum þurftum við sjálfar að leita að fólki eða netföngum þeirra (margir einstaklingar á listanum voru í sumarfrí og erfitt að hafa uppi á). Eftir þó nokkra vinnu að hafa uppi á fólki, en við sáum fljótt gildi norrænnar samvinnu þar sem við fengum aðstoð vina á Norðurlöndunum til að hafa upp á nokkrum einstaklingum, tókst okkur að fá tuttugu og einn einstakling sem voru tilbúin að koma og hitta okkur eða jafnvel hleypa okkur inn á heimili sín í kaffibolla.

Við sendum tölvupóst á rúmlega 40 einstaklinga og af þeim svöruðu helmingur. Þeir sem svöruðu gerðu það öll játandi og voru ekkert nema tilbúin til þess að deila með okkur sögum og spjalla um þeirra reynslu af norrænni samvinnu. Þegar að kom að því að skipuleggja viðtöl gat það reynst snúið en báðar vorum við að sinna öðrum störfum og höfðum þegar skipulagt okkar sumarfrí. Vegna reynslu okkar að vinna með hvor annarri og góðri samvinnu okkar á milli tókst þetta þó. Fyrsta viðtalið var tekið 11. júlí og það síðasta 15. september

Þau sem við töluðum við eru:

Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri
Bjarni Daníelsson, fyrrv. Formaður Norræna félagsins, listamaður
Bogi Ágústsson, fréttamaður.
Danfríður Skarphéðinsdóttir, fyrrv. Þingmaður
Einar Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður
Guðmundur Ágúst Stefánsson, fyrrverandi bæjarstjóri.
Guðný Helgadóttir, fyrrverandi starfsmaður NMR.
Gunnlaugur Bragi Björnsson, viðskiptafræðingur.
Halldór Guðmundsson, rithöfundur og fyrrverandi forstjóri Hörpu.
Haraldur Ólafsson, fyrrv. Formaður Norræna félagsins, prófessor emeritus
Hilmar Örn Hilmarsson, listamaður, allsherjargoði
Jósep Gíslason, formaður Kalak
Margrét Hallgrímsdóttir, fyrrv. Þjóðminjavörður
Oddný Harðardóttir, alþingismaður
Róbert Lagerman, skákmaður, meðlimur Kalak
Sif Gunnarsdóttir, forsætisritari.
Sigurlín Sveinbjarnardóttir, fyrrv. Formaður Norræna félagsins
Snjólaug G. Ólafsdóttir, lögfræðingur.
Steinunn Þóra Árnadóttir, alþingismaður
Þorvaldur S. Þorvaldsson, arkitekt.
Þórhallur Heimisson, prestur.

Í kjölfarið hófst mesta og erfiðasta vinnan þ.e. að skrifa upp viðtölin. En það getur tekið allt að 10-20 klukkustundir að skrifa upp klukkutíma af viðtali (haft eftir Gísla Sigurðssyni, rannsóknarprófessor & þjóðfræðing). Okkar viðtöl voru u.þ.b. 12 og hálf klukkustund í heildina. Við reyndum að skrifa upp viðtölin eins reglulega og hægt var svo að í lokin sætum við ekki uppi með of mikla vinnu. Það þýddi að við þurftum að koma vinnunni fyrir hvar sem var og tölvan var aldrei langt undan í sumar. Það er oft talað um blóð, svita og tár í verki, en í okkar tilfelli var það meira sinaskeiðabólga, vöðvabólga og

aumur rass eða yljár. Þrátt fyrir verki og mikla þreytu þá sjáum við alls ekki eftir neinu og við fengum þetta allt endurgreitt með reynslu og með jákvæðum viðmælendum okkar.

Helstu niðurstöður:

- Eitthvað sem allir viðmælendur okkar sammæltust um er mikilvægi áframhaldandi norræns samstarfs og eflingu þess. Mikill kærleikur ríkir á milli þessara þjóða og margir viðmælenda okkar eiga stórgóð vinasambönd, sem t.d. urðu til á vinabæjamótum. Aðrir eiga fjölskyldumeðlimi sem búa á Norðurlöndum. Þá töluðu margir um norræna kollega sína sem hafa reynst vel og ýtt undir ennþá betri samvinnu þjóða. *“Það er allavega mín reynsla og oft hefur árangurinn verið einmitt bestur þegar að blandast saman bæði vinátta, sem að skapast í tengslum við samstarfið, og þessi faglega samvinna”* - Margrét Hallgríms.
- Norrænt samstarf er allt í kring þó það beri ekki endilega mikið á sér. *“Áður sögðum við, bæði í gríni og alvöru, að ef þú et í skáklúbbi á Norðurlöndum þá ertu í norrænu samstarfi”* Sagði Bjarni Daníelsson. Með þetta í huga þá nálgudumst við meðlimi Kalak, sem er vinafélag Íslands og Grænlands sem varð til út frá skátafélaginu Hróknum.
- Annað sem flest minntust á var mikilvægi norræns samstarfs á alþjóðlegum vettvangi. Þegar Norðurlöndin vinna saman hafa þau rödd á alþjóða vísu og dæmi um að aðrar þjóðir líti á þetta samstarf sem eins konar staðal, þetta á ekki síst við um samvinnu Norðurlandanna þegar kemur að loftslagsmálum. Því að löndin stök hafa kannski ekki mikið vægi en í sameiningu hefur tekist að framkvæma mikið af mikilvægum verkefnum. Ísland er ósköp lítið eitt og sér, en með hin Norðurlöndin okkur við hlið getum við nánast allt.
- Það kom fram í mörgum viðtalanna mikilvægi þess að setja sig inn í samfélög hvers lands. Við eigum margt sameiginlegt með nágrönnum okkar en við erum einnig ólík, hvert land hefur sitt eigið tungumál og sérstöðu. Margir viðmælendur bentu á mikilvægi þess að gefa sér tíma, læra tungumál þess lands sem dvalið er í, koma sér inn í þá menningu og styrkja þannig enn tengslin.
- Tungumálaörðugleikar var eitthvað sem kom oft upp. Sumir viðmælendur okkar gátu talað annað Norðurlandamál en ekki allir. Á pólitískum vettvangi, innan Norðurlandanna, getur verið hamlandi að skilja ekki Norsku eða Dönsku og það er yfirleitt notast við túlk. (dæmi Steinunn og Oddný) Dönskukennsla í grunnskólum hér á landi kom talsvert upp í viðtölunum og það sammælast flestir um þá synd hve dregið hefur úr henni undanfarin ár. Meðal almennings og þá sérstaklega meðal unglunga í grunnskólum, hefur ríkt neikvætt viðhorf til þessarar kennslu í þó nokkur ár. Spurningar hafa vaknað um hvort að hún sé gagnleg og hvort að hún ætti ekki bara að vera sett sem val fag.
 - Þá var okkar viðhorf til dönskukennslu í grunnskólum á ekkert á sérstaklega háu plani en eftir þessi viðtöl þá hefur sú skoðun breyst, þó eitthvað þurfi vissulega að breytast, jafnvel að breyta í Norsku ? (Danfríður)

Þessi viðtals-vinna hefur verið rosaleg góð reynsla, skemmtileg, krefjandi en fyrst og fremst lærdómsrík. Okkur langar að þakka öllum þeim sem að tóku tíma úr sínu eigin amstri til að tala við okkur og deila með okkur reynslu og sögum. Þá viljum við þakka Ásdísi Evu Hannesdóttur, Helgu Vollertsen og Ragnheiði Helgu Þórarinsdóttur fyrir að treysta okkur fyrir þessu verkefni og hvatningu.

- Kristín Dögg Kristinsdóttir

- Rósa Stefánsdóttir